



Viðbrögð Gerðaskóla vegna ófullnægjandi skólasóknar.

Ótilkynnt forföll/seinkomur.

Þrep 1 – Viðmið 2 til 4 fjarvistir/5 seinkomur

Námsráðgjafi/umsjónarkennari ræðir við nemanda. Foreldrum/forráðamönnum er í kjölfarið send ástundun í gegnum Mentor, þar sem vakin er athygli á fjarvistum.

Þrep 2 – Viðmið 5 til 9 fjarvistir/10 seinkomur

Námsráðgjafi/umsjónarkennari hefur samband við foreldra/forráðamenn. Boðað er til fundar með foreldrum/forráðamönnum og nemanda (ef viðeigandi). Stjórnandi upplýstur um málið.

Þrep 3 – Viðmið 10 til 14 fjarvistir/15 seinkomur

Námsráðgjafi boðar foreldra/forráðamenn til fundar, ásamt umsjónarkennara og skólastjórnanda. Áætlun sett fram.

Þrep 4 – Viðmið 15 til 25 fjarvistir/ 20 seinkomur

Málinu er vísað til umfjöllunar í Nemendaverndarráði.

Áætlun endurskoðuð.

Þrep 5 – Viðmið 30 eða fleiri fjarvistir/25 eða fleiri seinkomur

Skólinn tilkynnir skólasókn nemandans til Barnaverndar.

Skrifstofustjóri sendir vikulega ástundunarstöðu nemenda á foreldra/forráðamenn með tölvupósti.

Yfirlit skólasóknar er sýnileg í Mentor. Mikilvægt er að foreldrar/forráðamenn tilkynni skóla um fjarvistir/seinkomur. Þegar grunur vaknar um skólasóknarvanda er ástundun nemandans síðustu þrjá skólamánuði skoðuð, með sérstöku tilliti til dreifingu fjarvistanna (sbr. einstaka fjarvistir yfir langan tíma, margar fjarvistir yfir stuttan tíma). Viðbrögð eru alltaf skoðuð út frá stöðu hvers og eins nemanda.